

**Mál nr. 257/2017****M og  
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um fjártjón vegna afnotamissis bifreiðar eftir árekstur 22.12.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 9.8.2017, ásamt fylgiskjölum.  
Bréf V, dags. 18.8.2017.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að alþjón hafi orðið á bifreið M í árekstri 22.12.2015. Umrædd bifreið hafi verið nýtt til atvinnureksturs og hafi því M orðið fyrir fjártjóni við það að hafa ekki bifreið til umráða í þau verkefni sem fyrirtækið (M) hafði gert ráð fyrir að nota bifreið í. Ný bifreið hafi verið pöntuð strax daginn eftir áreksturinn en langur afgreiðslutími hafi verið á þeirri bifreið og á meðan kveðst M hafa misst tekjur sem fyrirtækið hefði ella haft af akstri sambærilegrar bifreiðar. Í málskoti kemur fram að V hafi greitt 1.000.000 króna fyrir tjón vegna afnotamissis en M vísar til þess að tjón fyrirtækisins nemi mun hærri fjárhæð en það. Sjónarmið um umfang tjónsins eru reifuð í gögnum málsins, þ.á.m. samskiptum M og V eftir tjónið.

V telur í fyrsta lagi að ágreiningur snúist um fjárhæð tjóns M og vísar til 2. mgr. 3. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum þar sem komi fram að samþykki beggja málsaðila sé áskilið til að nefndin geti fjallað um ágreining um bótafjárhæðir. V lýsir því jafnframt yfir að það veiti ekki slíka heimild. Að öðru leyti telur V ósannað að M hafi orðið fyrir frekar fjártjóni en nú þegar hefur verið greitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

**Álit.**

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Með því að V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um fjárhæð bóta í máli þessu er vísað frá kvörtunum M um er lúta að fjárhæðum bóta fyrir tjónið, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

**Niðurstaða.**

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.